

Minnisblað


Ritað fyrir: Eyjólf Ármannsson, innviðaráðherra
Ritað af: Verkefnisstjórn um óformlegar sameiningarviðræður Árneshrepps og Kaldrananeshrepps
Dagsetning: 9. desember 2025
Efni: Áherslur í viðræðum um sameiningu

Sveitarfélögin

Árneshreppur og Kaldrananeshreppur eru sveitarfélög á einu harðbýlasta svæði landsins. Samtals búa þar um 175 íbúar auk þess sem margir dvelja á svæðinu hluta úr ári án fastrar búsetu.

Sjávarútvegur, ferðaþjónusta, landbúnaður og fiskeldi eru undirstaða atvinnulífsins. Mikilvægt er að auka fjölbreytni í atvinnulífi til að laða að fleiri íbúa og auka byggðafestu.

Sameining sveitarfélaganna gæti stuðlað að þessu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.



Álit íbúa

Verkefnisstjórn um óformlegar sameiningarviðræður hefur átt samráðsfundi með íbúum beggja sveitarfélaganna. Forsendur þess að sameining verði samþykkt eru:

- Tryggja samgöngur innan marka sameinaðs sveitarfélags allan ársins hring.
- Að ekki verði krafist sameiningar við önnur sveitarfélög á meðan unnið er að sameiningu sveitarfélaganna tveggja.
- Að eignarhald og ráðstöfunarréttur íbúa yfir félögum og eignum sem hafa sérstaka þýðingu fyrir byggðafestu verði tryggð.
- Að ráðist verði í sértækar aðgerðir í atvinnumálum vegna stöðu byggðarinnar

Samgöngur

Samgöngur innan sveitarfélaganna eru erfiðar - sérstaklega í Árneshreppi. Lélegar samgöngur draga verulega úr lífsgæðum íbúa og standa framþróun fyrir þrífum. Tryggja þarf heildstæðar samgöngur úr Bjarnafirði í Norðurfjörð til að tryggja samgöngur innan marka mögulega sameinaðs sveitarfélags. Verkefnisstjórn leggur áherslu á að bættar vegasamgöngur eru frumforsend þess að hægt verði að virkja í Ófeigsfirði (Hvalárvirkjun):

- Ástand Strandavegar (nr. 643) er óviðunandi. Á veginum eru sjö einbreiðar brýr, þ.a. tvær við Djúpavík og Árnesá, sem hafa mjög lítið burðarþol og munu ekki bera þá þungaflokkninga sem virkjanaf framkvæmdir í Ófeigsfirði munu hafa í för með sér. Hægt væri að leysa málin með ræsum í stað brúa til að spara fjármuni og flýta fyrir

framkvæmdum. Um 10% vegarins eru þegar tilbúin undir lagningu slitlags, sem myndi lækka viðhaldspörf og -kostnað umtalsvert.

- Endurbætur á veginum um Veiðileysuháls áttu samkvæmt gildandi samgönguáætlun að hefjast árið 2024 en eiga ekki að hefjast fyrr en eftir 2031 (2. tímabil) samkvæmt tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2026-2040. Íbúar eru langþryggtir á því að framkvæmdum sé frestað og kalla á að þær verði færðar fram í samgönguáætlun en gert er ráð fyrir í tillögunni. Mikilvægt er að hlustað verði á íbúa við áfangaskiptingu og forgangsröðun til að hver áfangi skili sem mestum ávinningi. Í því samhengi er bent á að vegurinn um Djúpavík er flöskuháls við þungaflutninga, líkt og brýrnar.
- Tryggja þarf vetrarþjónustu á Strandavegi nr. 643. Snjómokstur á veginum fellur undir sk. G-reglu sem þýðir að heimilt er að moka tvo daga í viku haust og vor á meðan snjólétt er og þess utan með kostnaðarþátttöku sveitar-félagsins. Vetrarþjónusta hefur verið þó veitt á undanþágum sem tilraunaverkefni síðastliðin ár. Verkefnisstjórn kallar eftir því að vetrarþjónusta verði fest í sessi
- Vegurinn um um Kjörvoghlíð liggur í brattri fjallshlíð þar sem mikil hætta er á grjóthruni og skriðuföllum. Lagning vegar um Naustvíkurskörð myndi stytta leiðina á milli Norðurfarðar og Bjarnafarðar umtalsvert og auka öryggi vegfarenda.

Aðgerðir til að auka byggðafestu

Samdráttur í úthlutunum aflaheimilda kemur sérstaklega illa við íbúa lítilla sjávarþorpa á borð við Drangsnes og getur kippt fótum undan búsetu. Sjávarútvegur er undirstaða atvinnulífsins í Kaldrananeshreppi og veigamikill þáttur í atvinnulífi Árneshrepps. Eftir að ráðist var í endurbætur á höfninni í Norðurfirði í Árneshreppi hafa strandveiðar verið stundaðar þaðan á um 30 bátum sem skilja mikið eftir sig og byggðakvóti skapar einnig atvinnu fyrir íbúa.

Áhrifa skerðinga gætir nú þegar í sveitarfélögunum tveimur og störfum við veiðar og vinnslu hefur þegar fækkað. Samtals hafa aflaheimildir á Drangsnesi dregist saman um 150 tonn vegna almennrar skerðingar í kvótakerfinu, auk skerðinga á byggðakvóta, línuúvilnun og skel- og rækjubótum. Því til viðbótar fylgir aukinn byggðakvóti tímabundið verkefnum í Brothættum byggðum, en þegar verkefnunum sleppir falla þær auknu heimildir niður með tilheyrandi samdrætti í atvinnustigi.

- Tryggja þarf hlut sveitarfélaganna í byggðakerfi í sjávarútvegi og koma til móts við þær skerðingar sem orðið hafa við úthlutun þeirra aflaheimilda sem haldið hefur verið eftir.
- Tryggja þarf umgjörð um þorskeldi sem er stundað í Steingrímsfirði og festa það í sessi. Í gildandi lögum um lagareldi er aðeins gert ráð fyrir fiskeldi sem byggist á fóðrun eldisfisksins, sem ekki á við um þorskeldið. Tilraunirnar með þorskeldi hafa gefið góða raun og sýnt fram á mikla möguleika. Eldið er rekið á tilraunaleyfum sem gilda til 2030. Mikilvægt er að sett verði lög um fiskeldi sem byggist á náttúrulegri átu.
- Mikilvægt er að fundnar verði leiðir til að styðja við öflun heits vatns til að bæta búsetuskilyrði í helstu íbúðarkjörnum í Árneshreppi. Heitt vatn hefur fundist í

Norðurfirði og eigandi jarðhitaréttinda á Gjögri hefur lýst því yfir að hann vilji deila jarðhita úr borholu á jörðinni með öðrum íbúum. Framkvæmdir við lagningu hitaveitu munu þó seint bera sig fjárhagslega.

Eignarhald og yferráð

Sveitarfélögin hafa fjárfest í félögum og fasteignum til að halda uppi atvinnustigi og tryggja framboð leiguhúsnæðis á svæðinu. Kaldrananeshreppur á eignarhluti í Útgerðarfélaginu Skúla ehf., Fiskvinnslunni Drangi og hitaveitu, en Árneshreppur á félagsheimili og íbúðir sem sveitarfélagið leigir út og eru sveitarfélaginu mikilvæg. Að auki eiga bæði sveitarfélög verzlunarhúsnæði sem nýtt er af verzlunarfélögum sem tóku til starfa þegar starfsemi Kaupfélags Steingrímsfjarðar lagðist af. Forsvarsfólk sveitarfélaganna vill tryggja að fjárfestingar sveitarfélaganna komi íbúum áfram til góða hvað sem sameiningum líður og að tryggt verði að eignirnar verði ekki seldar til að þjóna öðrum hagsmunum, s.s. niðurgreiðslu skulda annarra.

Finna þarf leiðir til að tryggja þá hagsmuni sem fjárfestingarnar varða og tryggja áframhaldandi yferráð núverandi íbúa sveitarfélaganna. Ein þeirra leiða sem er til skoðunar er stofnun sjálfseignarstofnana um eignirnar, þar sem yferráð íbúa innan marka núverandi sveitarfélaga væru tryggð í skipulagsskrá, en lögfræðingar hafa lýst efasemdum um að sú leið standist reglur sveitarstjórnarlaga um ábyrga fjármálastjórnun nema eðlilegt afgang komi fyrir.

- Útgerðarfélagið Skúli ehf.
- Fiskvinnslan Drangur ehf.
- Hitaveita Drangsness
- Félagshimilið í Árnasi
- Íbúðar- og verzlunarhúsnæði í eigu sveitarfélaganna